

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Ingu Sæland um birtingu laga í Stjórnartíðindum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert er verklag við birtingu laga í Stjórnartíðindum? Eru í gildi vinnureglur í ráðuneytinu um birtingu laga og ef svo er, hver er texti þeirra reglna? Efslikar reglur eru í gildi telur ráðherra að sá dráttur sem varð á birtingu laga um fiskeldi, sem samþykkt voru á Alþingi 20. júní 2019, hafi verið í samræmi við þær reglur? Telur ráðherra að rétt hafi verið staðið að birtingu fyrrgreindra laga?

Verklag við birtingu laga í Stjórnartíðindum mótast af eftirfarandi vinnureglum sem unnið er eftir:

- a. Tvö skjöl með texta meginmáls samþykkt lagafrumvarps annars vegar og svokölluðum „haus og hala“ hins vegar eru send frá Alþingi til Stjórnartíðinda með tölvupósti þegar frumvarpið hefur verið samþykkt sem lög frá Alþingi. Samþykkt lög eru jafnframt send frá Alþingi til viðkomandi ráðuneytis sem útbýr skjöl með áritun ráðherra á tillögu til forseta um að staðfesta löginn sem ráðuneytið sendir til forsætisráðuneytis ásamt beiðni um að koma lögnum til forseta til samþykktar. Skal það gert innan tveggja vikna frá því að lagafrumvarp er samþykkt á Alþingi. Staðfesting forseta veitir samþykktu lagafrumvarpi lagagildi.
- b. Löginn eru skráð í auglýsingakerfi Stjórnartíðinda og skjölin færð inn á málið og merkt við að þau séu óstaðfest, meðan beiðið er staðfestingar forseta Íslands á þeim.
- c. Þegar löginn hafa verið staðfest af forseta sendir starfsmaður forsætisráðuneytis skannað eintak af forsetastaðfestingu til Stjórnartíðinda þar sem fram kemur undirritun forseta eigin hendi og dagsetning staðfestingar auk undirritunar þess ráðherra sem málaflokkurinn heyrir undir.
- d. Þessar upplýsingar eru færðar inn í skráningu málsins hjá Stjórnartíðindum, ásamt skjalinu.
- e. Ef fyrir liggja mörg lög til birtingar á sama tíma, eins og gerist alltaf fyrir áramót og í þinglok, er birtingu laganna raðað upp í samræmi við gildistöku eða óskir frá viðkomandi ráðuneyti ef einhverjar eru, enda eru það ráðuneytin sem bera ábyrgð á að koma lögum til Stjórnartíðinda í birtingu. Leitast er við að jafna birtingum niður á daga eftir því sem afkastageta og fyrirhugaðar birtingar í B- og C-deildum Stjórnartíðinda leyfa. Þegar mikið liggur fyrir getur slík lagabirtingalota tekið allt að 2–3 vikur.
- f. Þó að ekki þurfi að prófarkalesa texta laganna þarf að prófarkalesa nýjan „haus og hala“, þ.e. nafn laga og klásúlu um staðfestingu forseta/handhafa forsetavalds og undirritanir, sem og að gæta þess að enginn texti falli niður milli blaðsíðna því að blaðsíðustærð texta eins og hann kemur frá Alþingi og blaðsíðustærð Stjórnartíðinda er ekki sú sama, þannig að brjóta þarf textann um.
- g. Þegar allt er yfirfarið og komið í rétt form eru löginn gefin út á tilgreindum útgáfudegi.

Ráðuneytið bendir á að skv. 6. gr. laga nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtinga-
blað, sbr. og 10. tölul. 3. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta
í Stjórnarráði Íslands, nr. 119/2018, er það á hendi dómsmálaráðuneytis að gefa út Stjórnar-
tíðindi. Það er skylda þess ráðuneytis sem umrædd lög heyra undir að „fá útgefanda handrit
af hverju því sem afgreitt hefur verið og birta ber í Stjórnartíðindum“. Er það þannig hlutverk
starfsmanna viðkomandi ráðuneyta að koma þeim lögum sem varða málaflokka þess
ráðuneytis til Stjórnartíðinda og óska eftir útgáfu þeirra. Þetta felur í sér að viðkomandi ráðu-
neyti hefur ákveðið forræði á málinu, þ.e. getur vegna sérþekkingar á viðkomandi málefnum
haft ástæðu til að samræma útgáfu laganna annarri vinnu við lagaframkvæmdina hjá undir-
stofnunum og t.d. fyrirhugaðri reglugerðasmíð á grundvelli laganna eða af öðrum ástæðum.
Þannig hefur útgáfu laga í Stjórnartíðindum verið forgangsraðað þannig að ef áhersla hefur
verið lögð á að lög séu birt með flýtibirtingu þá er það gert eða ef óskað er birtingar á
ákveðnum degi þá er við því orðið. Farið var eftir framangreindu verklagi við birtingu þeirra
laga sem vísað er til í fyrirspurninni og lögin réttilega birt í Stjórnartíðindum.